*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 136/1380
*komudagur* 20. 3. 2009

Málstofa 18. mars 2009

Svanur Kristjánsson: **Forsetaþingræði á Íslandi: Ímyndir fræðimanna og staðreyndir stjórnmálanna.**

**I. Ímyndir fræðimanna:**

**I.1.** Stjórnarskrárbreytingin 1944 var gerð í skyndi og án umræðu um lýðræði.
**I.2.** Fyrir og eftir breytinguna 1944 var í landinu sama stjórnskipun, þingstjórn (e. parliamentary government).
**I.3.** Almenn samstaða var um að forseti Íslands væri valdalítill þjóðhöfðingi.
**I.4.** Í reynd hefur forseti Íslands ætíð verið valdalítill.

**Heimildir**: Þór Vilhjálmsson (1994) *Afmælisrit – Gaukur Jörundsson sextugur.*
Ýmsir stjórnmálafræðingar í ræðu og riti – nema helst I.2.

**II. Staðreyndir stjórnmálanna:**

**II.I.** Stjórnarskrárbreytingin 1943-44 var gerð eftir ítarlega og upplýsta almenna umræðu um lýðræði og stjórnskipun. Óheftri þingstjórn var hafnað en valin ný leið til lýðræðis, forsetaþingræði (semi-presidential government).
**II.2.** Grundvallarbreyting varð á stjórnskipun; í stað konungsþingræðis að forminu til og þingstjórnar í reynd, kom forsetaþingræði = vald þjóðkjörins forseta ásamt valdi þjóðþings og ríkisstjórnar.
**II.3.** Almenn samstaða var um að forseti Íslands væri valdamikill; á "örlagaríkustu augnablikum" fari forseti Íslands "með meira vald og getur því ráðið meiru um framtíðarheill þjóðarinnar en nokkru sinni hefur verið á eins manns færi að gera, allt frá því land byggðist ...." ( Matthías Johannessen (1981), *Ólafur Thors II*, bls. 211-212). Úr bréfi forystumanna Sjálfstæðisflokksins til flokksmanna fyrir forsetakosningar 1952.
**II.4.** Forseti Íslands hefur haft örlagarík áhrif á þróun íslenskra stjórnmála, ekki síst á mótun og viðhald nýrrar utanríkisstefnu og við stjórnarmyndanir (1958-59 og oftar).

**Heimildir**: Sigurður Líndal, *Skírnir* (1992, 2004).
Svanur Kristjánsson, *Ný Saga* (2001); *Skírnir* (2002); *Ritið* (2005, 2006).
Ásgeir Jóhannesson, *Skírnir* (2006).
Ævisögur forseta: Sveinn Björnsson (1994); Ásgeir Ásgeirsson (1992); Kristján Eldjárn (1991, 2005); Ólafur Ragnar Grímsson (2008).